

Stærðfræði yngsta stig

Á **krakkavefjum mms.is** er fjöldi stærðfræðiforrita sem þjálfa meðal annars reikniaðgerðirnar fjórar; samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu, færni á klukkuna, hnitakerfið, Slóðin á krakkavefina er <https://mms.is/krakkavefir> og í flettiflipa á miðri síðu vinstra megin er valin námsgrein til að afmarka hvers konar forrit óskað er eftir að sækja.

Á **Skólavefnum**, <http://skolavefurinn.is>, er ógrynni námsefnis í fjölmörgum greinum sem hægt er að vinna rafrænt eða prenta út. Efnið og framsetning þess er af ýmsum toga, þar má nefna efni sem er upplesið, myndrænt, með gagnvirkum æfingum, myndbandsskýringum og stækkanlegu lettri. Hægt er að leita að efni eftir aldurshópi eða námsgrein og geta notendur því stjórnað þyngd efnis með vali sínu. Einnig er á vefnum afþreyingar- og fróðleiksefni fyrir alla aldurshópa. Áskrift að Skólavefnum kostar 1690 krónur á mánuði fyrir heimili. Slóðin á námsefni í íslensku er <http://skolavefurinn.is/namsgreinar/staerdfraedi>

Á síðunnu **123skóli** er einnig að finna ýmislegt efni sem hægt er að nýta í heimanám. Hægt er að finna frítt efni en svo er líka hægt að kaupa sér áskrift og kostar árið 13.900 sem gera 1.160 á mánuði.

www.123skoli.is